



HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR

ÁRSSKÝRSLA 2011



HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR

Ársskýrsla 2011


Efnisyfirlit

Ágæti lesandi.....	4	„menningin vex í lundi nýrra skóga“.....	22
Skógarhögg.....	8	Vísa með framkvæmdaskýrslu.....	24
Umhirðunámskeið.....	9	Hvað gerðist eiginlega 2011 –	25
Austurlandsskógar 10 ára.....	10	heilmiðið eða ekkert?.....	25
Austurlandsskógar stofnaðir.....	12	Jarðyglur.....	26
Helstu stærðir.....	14	Gróðursetningar og tegundir 1991-2011.....	28
Héraðsskógar 20 ára.....	16	Lykiltölur.....	34
Héraðsskógar 20 ára, heillaóskir.....	20	Rekstrarreikningur.....	36
Tiltekt í Eiðahólma.....	20	Efnahagsreikningur.....	37
Veður 2011.....	21	Sjóðstreymi.....	38

Ágæti lesandi

Árið 2011 var fyrir margra hluta sakir eftirminnilegt fyrir Héraðs- og Austurlandsskóga. Árið var afmælisár en 20 ár eru frá stofnun Héraðsskóga og 10 ár eru frá því að Austurlandsskógar hófu starfsemi. Þótt formlegur stofndagur Austurlandsskóga hafi verið árið 2002 var starfsemi hafin árið áður og því þótti upplagt að gera árið 2011 að allsherjar afmælisári.

Veðurfarið var þess eðlis að það gleður fáa að rifja það upp, því verður ekki dvalið mikið við það hér að öðru leyti en því að gróðursetning fór fremur seint af stað og gekk hægt framan af. Töluvert var af plöntum til haustgróðursetningar en landeigendur virðast almennt ekki spenntir fyrir því að gróðursetja á haustin og þurfti að hafa nokkuð fyrir því að koma þeim plöntum sem til voru í jörðu. Alls voru gróðursettar 881.018 skógarplöntur og skiptust þannig að 30% fóru niður á Austurlandsskógasvæðinu en 70% á Héraðsskógasvæðinu. Skipting milli tegunda var eins og mynd 1 sýnir.




Mynd 1 Hlutfallsskipti tegunda 2011

Á mynd 2 má sjá hvernig skipting gróðursetninga var á milli svæða eða sveita innan starfssvæðisins.

Skjólbeltaræktun hefur verið í lágmarki síðustu árin og einungis tveir samningsbundnir landeigendur sem stunda skjólbeltarækt á jörðum sínum. Eru þau hugsuð sem undanfari umfangsmeiri skógræktar á jörðunum.

Jarðvinnsla er reynt að stilla af þannig að ekki sé jarðunnið meira á hverri jörð en unnt er að gróðursetja í á sama ári eða



Mynd 2 Hlutfallsskipting gróðursetninga á milli svæða

ári seinna. Þar sem svæði eru lítil er þó jarðunnið fyrir lengri tíma gróðursetningar þar sem dýrt er að fá vélar á staðinn. Árið 2011 voru jarðunnir um 135 ha.

Girðingar og viðhald þeirra er stór þáttur í starfsemi HASK. Nýgirðingar voru þó ekki nema 6,4 km á árinu en viðhaldskostnaður á nokkur hundruð km. Samtals voru framlög vegna girðinga um 8,5 milljónir og skiptust þannig að 2,7 millj. fóru í nýgirðingar og 5,8 millj. í viðhald eldri girðinga.

Slóðagerð er vaxandi liður í starfseminni í samræmi við aukningu í bilun og grisjun. Þegar fara þarf inn á skógræktarsvæði og grisja er nauðsynlegt að koma tækjum og tólum að og því þurfa slóðar að vera til staðar. Eftir því sem þörf er á öflugri grisjun er slóðapörfin meiri. Ef nýta á efni sem fellur til við bilunina/grisjunina þarf einnig að vera hægt að komast að með flutningstæki.

Í tilefni af afmælisári var efnt til þriggja gönguferða um skógræktarsvæði. Gönguferðirnar voru skipulagðar í samstarfi við landeigendur og lagt var upp með mismunandi þema á hverjum stað. Fyrsta ferðin var að Droplaugarstöðum þann 12. september þar sem þemað var „umhirða skógarins“. Lárus bóndi tók á móti hópnum og sýndi honum hvernig hann hefur valið að standa að umhirðu.

Önnur gangan var á Eyjólfsstöðum í Berufirði þann 14. september. Þar var þemað „vel að verki staðið“. Hafliði og Guðný



Gréta þykja leggja sérstaka alúð við skógræktarstarfið, oft við erfiðar aðstæður.

Þriðja og síðasta gangan var á Hrólfsstöðum í Jökuldal þar sem þemað var „landslagsaðlögun“. Guðmundur og Haukur sonur hans sýndu göngufólki uppvaxandi skóg á Hrólfsstöðum. Að lokinni hverri gönguferð var hitað kaffi og spjallað um skógrækt, hvað annað?

Þá var efnt til afmælistkvöldverðar í tengslum við aðalfund Landssamtaka skógareiganda þann 8. okt. að Eiðum.

Fræðslu- og umræðufundur var haldinn á Hótel Héraði í ársbyrjun. Farið var yfir starfsemi HASK á nýliðnu ári og fjárhagsáætlun ársins kynnt.

Annarri starfsemi á vegum HASK er gerð ýtarlegri skil í sérstökum pistlum í skýrslunni. Má þó til viðbótar nefna að úttektir eru stór liður í starfi verkefnastjóra yfir sumartímann og á haustin. Uppgjör framkvæmda byggist á því að framkvæmdaskráningum sé skilað og úttektir eru framkvæmdar á unnum verkum í samráði við skógarbónda eftir þörfum hverju sinni.

Jarðvinnsla Flögu í Skriðdal



Skógarganga á Hrólfsstöðum

Yfirlit framkvæmda 2011

Jörð	Annað	Birki	Elri	Fura	Greni	Lerki	Víðir	Ösp	Samtals	Ábomar plöntur
Ás		16.800			14.070	13.400			44.270	40.000
Ásgarður										
Ásgeirsstaðir		6.240		5.995	8.010	2.400	240	1.992	24.877	19.682
Bláeyri (Hlíðargarður)		22.448					5.780	3.000	31.228	65.493
Borg	1.973	3.120	2.000	1.795	16.754	7.772	1.056	2.976	37.446	34.214
Bragðavellir I					80				80	80
Brekka						1.474			1.474	1.474
Brekkuborg	24	200	2.240		480	4.422	24		7.390	2.023
Brekkuusel		5.440	2.000	24.780	25.582	15.494		4.200	77.496	40.118
Droplaugarstaðir	24				1.442	10.720			12.186	12.186
Eyjófsstaðir	105	1.005		35	5.025			3.000	9.170	9.510
Fannardalur										
Fell	1.015				1.340				2.355	4.355
Flaga										
Flúðir		480			2.077	3.040			5.597	4.395
Grund	2.800				4.410	5.494		4.800	17.504	17.504
Hagi					1.000	8.710			9.710	8.710
Hauksstaðir		2.016				2.000			4.016	4.016
Helluland				1.050	4.005	4.690		1.200	10.945	13.141
Heykollsstaðir	1.190	6.280	80	1.000	2.010	2.480			13.040	9.840
Hjarðarhagi	980	7.984	4.000	3.645		6.298	653	2.160	25.720	22.075
Hlíðarendi I					5.695	5.092			10.787	10.117
Hnitbjörg		21.088			4.221		3.961	2.880	32.150	25.309
Hof II										
Hreimsstaðir	552	2.496	320	1.480	1.162		984	192	7.186	7.186
Hrófsstaðir	1.925	12.440	880	1.000	7.120	5.360		4.032	32.757	51.613
Hrærekslækur	1.925	11.928		880	19.475		1.056	1.200	36.464	33.526
Hvammur										
Lindarhóll	350	2.400	800		1.000	1.742	240		6.532	
Litla-Steinsvað I	280	1.344		9.605		8.004	1.056		20.289	18.889
Litla-Steinsvað II					2.005	4.556			6.561	14.561
Meðalnes II		5.920		2.100	16.328	12.668		3.984	41.000	55.314
Miðhúsasel						9.112		1.008	10.120	
Mjóanes R.					5.025		432		5.457	5.457
Mjóanes S					2.000	5.494			7.494	4.747
Njarðvík					4.584				4.584	8.984
Óseyri	1.949	32.204	1.800		1.152		792	432	38.329	83.177
Rauðholt	525		1.000	1.330	8.226	8.464	144	480	20.169	20.169
Sauðhagi II	980	2.448		2.960	3.886	4.000	1.056	2.400	17.730	60.490
Selland						1.876			1.876	5.606
Setberg										
Skálanes	9.517	14.617					6.192		30.326	7.967
Skáli		600			2.203	2.546			5.349	2.803
Skríða	1.015			480		1.520	216	984	4.215	11.175
Sólbrekka										
Stangarás				2.000	400			96	2.496	2.496
Stóra-Sandfell I					13.978	5.494			19.472	76.255
Strandhöfn		2.000			1.000	7.040			10.040	10.040
Strönd										4.400
Stöð	2.246	1.040			1.005	1.200	2.016		7.507	7.507
Sörlastaðir	549	1.103	3.000		5.025	4.690			14.367	14.367
Teigarhorn	1.995	8.000							9.995	9.995
Uppsálar										
Vað										
Valbjófsstaður I							480		480	
Vatnsdalsgerði	350	1.664			402				2.416	2.416
Víðastaðir	2.345	1.200		11.155	6.910	7.920		2.400	31.930	63.215
Víðilækur	210				2.645	8.978	96		11.929	13.859
Víðivallagerði	245		400	400	2.120	3.618	240		7.023	7.023
Víðivellir-ytri I										
Vík		47.241	14.880		14.605	1.800			78.526	108.926
Ytri-Nýpur			400		670	2.278			3.348	7.578
Þiljuvellir										6.360
Þrándarstaðir		528				3.082			3.610	3.610
Þuríðarstaðir					2.000	2.000			4.000	4.000
Samtals	35.069	242.274	33.800	71.690	221.127	206.928	26.714	43.416	881.018	1.077.953

* Framvegis verða birtar ha. tölur í bilun, var áður kjarsögun.

Lengd nýrra skjólbelta km	Skjólbeltaplöntur	Nýgirðingar	Herfing ha	Plæging ha	*Bilun ha.	Grisjun m3 af bolviði
					9,1	
					12,7	
	240		13,1			
6,0	5.780		1,0			
			4,2			
	24					
			20,5			
		3				
			8,0			
			2,1			
			1,5			
			11,3			
			0,2			
		2				
5	3.961					
					1,0	
		1				
			4,7			
			3,2			
			10,1			
			6,0		8,0	
					0,8	
			7,6			
			6,2			
	792					
			4,0			
			14,2			
			4,3			
			3,4			
	216					
					3,6	
					13,7	
	2.016					
					2,6	
					1,1	
	480					
			2,0			
			0,7			
			4,0		4,7	
			1,6			
10.8	13.509	6,4	133,8	-	57,2	-



Skógarhögg



Nýtanlegur bolviður kominn út úr skógi eftir velheppnaða bilunarvinnu á Strönd.

Unnið var við skógarhögg á 10 jörðum á árinu. Jarðirnar voru Ás, Hof, Miðhússasel og Sólbrekka í Fellum, Ásgarður, Hvammur og Strönd á Völlum, Melar og Víðivöllur Ytri 1 í Fljótsdal og Uppsálar í Eiðapinghá. Alls unnu 11 manns á þessum jörðum. Eitt útboð var í grisjun fyrir 3 ha. reit á Víðivöllum Ytri 1, bárust í það 4 tilboð og var Jón Þór Þorvarðarson með lægsta boð. Þar voru 10.000 tré höggvin og var verkinu lokið í byrjun sumars. Samtals voru felld 165.000 tré á árinu, stór sem smá á um 60 ha.

„Umhirða í ungskógi“

Leiðarvísirinn „Umhirða í ungskógi“ kom glóðvolgur úr prentun í októbermánuði. Prentuð voru 500 eintök og hefur verið beðið eftir þessari útgáfu með töluverðri eftirvæntingu en bændur og búalið um allt land hefur falast eftir eintaki. Leiðarvísirinn hefur nýst vel sem bæði kennslugagn fyrir þátttakendur á umhirðunámskeiðum sem og almennt fyrir alla sem áhuga hafa á umhirðu ungskóga. Lesendur hafa lýst yfir ánægu sinni með það hversu auðlesanlegur bæklingurinn er. Í leiðarvísinum er farið yfir tilgang og mikilvægi umhirðu, farið yfir verkliði á borð við bilun, tvítoppklippingu og uppkvistun og útskýrt með dæmum og myndum. Leiðarvísinn má einnig finna á tölvutæku formi á heimasíðu Héraðs- og Austurlands-skóga www.heradsskogar.is

Umhirðunámskeið



Í haust voru haldin tvö námskeið í skógarumhirðu með sama hætti og árið áður. Námskeiðin voru opin fyrir almenning.

Landbúnaðarháskóli Íslands stóð fyrir fyrra námskeiðinu, sem stóð yfir frá 11.- 13. október. Á því var fjallað um trjáfellingu og meðhöndlun keðjusaga og var í umsjón Björgvins Eggertssonar. Fyrsti dagurinn fór fram innandyra og var farið yfir helstu atriði skógarhöggs. Dagana á eftir var unnið í skógarhöggi á Buðlungavöllum undir handleiðslu Björgvins og Böðvars Guðmundssonar hjá Suðurlandsskógum en þar var farið nánar í vikni keðjusagarinnar og tækni við trjáfellingu svo eitthvað sé nefnt. Námskeiðið sóttu Björn Marínó Pálmason, Einar Guttormsson, Gísli Þór Pétursson, Helga Rún Jóhannsdóttir, Helgi Rúnar Elísson, Hörður Guðmundsson, Jóhann Ólafur Benjamínsson, Karl Rögnvaldsson, Kristján Már Magnússon, Rita Hvönn Traustadóttir, Stefán Víðisson og Valtýr Guðmundsson.

Síðara námskeiðið, Umhirða ungskóga, fór fram dagana 28. og 29. október og var á vegum Héraðs- og Austurlandsskóga í umsjón Sherry Curl og Hlyns Gauta Sigurðssonar. Má segja að námskeiðið hafi verið sjálfstætt framhald af því fyrra. Fyrri dagurinn fór fram innandyra og var farið lið fyrir lið yfir leiðarvísinn „Umhirða í ungskógi“. Farið var yfir val á trjám, hvaða tré skulu standa, hvað skal höggvið og farið í nánari útskýringar

Keðjusaganámskeið á Buðlungavöllum 2011

á því. Auk þess var farið yfir tvítoppaklippingu, uppkvistun og flutning trjáa á rót. Síðari dagurinn fór fram undir berum himni í blíðskapar rigningu á Höfða á Völlum. Auk námskeiðshaldara upplýsti Dr. Þróstur Eysteinnsson þátttakendur um ágæti umhirðu skóga. Námskeiðið sóttu Björn Pálmason, Helena Víðisdóttir, Helga Jóhannsdóttir, Helgi Elísson, Hörður Guðmundsson, Kristján Már Magnússon, Stefán Víðisson, Unnar Elísson og Viðar Eiríksson.



Umhirða ungskóga, f.v. Helga, Hörður, Unnar, Björn, Helena, Viðar. Stefán, Kristján, Þróstur, Sherry, Helgi og Hlynur

Austurlandsskógar 10 ára


Formlegur stofndagur Austurlandsskóga var 10. júní árið 2002. Undirbúningur að stofnun verkefnisins hófst þó mun fyrr eða í janúar árið 2001 og fékkst það ár 5 milljón króna fjárveiting af fjárlögum til þess að standa straum af kostnaði við undirbúning. Vinnuhópur var skipaður til þess að vinna að undirbúningi og gerð kostnaðaráætlunar og var hann skipaður starfsmönnum Héraðsskóga þeim Helga Gíslasyni, Rúnari Ísleifssyni, Sherry Curl og Sigrúnu Theodórsdóttur auk fulltrúa Skógræktar ríkisins Lárusi Heiðarssyni.

Héraðsskógum var falin umsjá með skógrækt á Austurlandi með sérstökum samningi á milli Héraðsskóga og Landbúnaðarráðuneytisins. Strax var ráðist í gerð lögbundinnar áætlunar fyrir Austurlandsskóga sem náði til Múlasýslna utan Fljótaldalshéraðs sem síðan var lögð fram til grundvallar fjárlagagerð ársins 2002. Fyrsta árið hafði þriggja manna stjórn Héraðsskóga á hendi yfirstjórn verkefnisins. Var hún skipuð þeim Níelsi Árna Lund sem var formaður, Þór Þorfinnssyni fulltrúa Skógræktar ríkisins og Jóhanni Gísla Jóhannssyni fulltrúa Félags skógarbænda á Héraði. Árið 2002 sat áheyrnarfulltrúi frá Félagi skógarbænda á Austurlandi stjórnarfundi. Breyting varð á fyrirkomulagi stjórnar árið 2003 er fjórða manni var bætt við stjórnina. Þorvaldur Jóhannsson kom inn sem formaður stjórnar, Þór og Jóhann Gísli voru áfram og Guðmundur Wium kom inn sem fulltrúi Félags skógarbænda á Austurlandi. Þrátt fyrir sameiginlega stjórn var fjárveitingum haldið aðskildum. Verkefnin tvö höfðu sama framkvæmdastjóra og sama starfsfólk en Jóhann Þórhallsson hafði á hendi umsjón verkefnisins. Þegar á undirbúningssári var ráðist í gróðursetningu hjá þeim aðilum sem voru þátttakendur í verkefninu „Nytjaskógrækt á bújörðum“ þótt takmarkað fjármagn setti umfanginu verulegar skorður.

Til þess að ná markmiðum sem sett voru í lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni nr. 56/1999 að stefnt skyldi að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglendis undir 400 m. yfir sjávarmáli þýddi það að árlega yrði gróðursett í að minnsta kosti 546 ha. og lagðir 100 km. af skjólbeltum. Upphaflegar áætlanir við verkefnið gerðu ráð fyrir sambærilegri þróun í fjölda samningsbundinna lögbýla á Austurlandi (utan Héraðs) og á því svæði sem upphaflega Héraðsskógaverkefnið tók til. Þá var átt við svæðið innan við Skógargerði að norðan og Snjóholt að austan. Þannig var gert ráð fyrir að árið 2010 yrðu 197 jarðir samningsbundnar við Austurlandsskóga. Fjárveitingar hafa ekki verið í samræmi við upphaflegar áætlanir og fylgt þeirri stefnu

stjórnvalda að rækta skóg á að minnsta kosti 5% láglendis u.400 m.y.s.

Þrátt fyrir að áætlanir hafi ekki gengið eftir hefur skógrækt á svæðinu gengið býsna vel. Í árslok 2011 voru 38 jarðir samningsbundnar á því svæði sem skilgreint er í dag sem „Austurlandsskógasvæði“ þ.e. firðirnir allir frá Finnafirði í norðri til Álftafjarðar í suðri. Á þessum 38 jörðum eru 3.464 ha. samningsbundnir. Samtals er búið að gróðursetja 2.843.160 trjáplöntur á svæðinu. Skjólbelti hafa verið sett niður í rúma 52 km. Tegundaskipting er eins og mynd 1 sýnir.



Mynd 1 Hlutfallsskipting tegunda á Austurlandsskógasvæði



Samningsbundnar jarðir í árslok 2011 eru:

Jörð	ha.
Áreyjar	132
Bragðavellir	37
Brekkuborg	150
Eyjar	30
Eyjófsstaðir	83
Fannardalur	164
Fagrihvammur	53
Fell	133
Fremri-Nýpur	92
Geithellar II	61
Hagi	43
Hauksstaðir	67
Helluland	96
Hlíðarendi	84
Hvannabrekka	156
Höskuldsstaðir	31
Karlsstaðir	52
Lækjabrekka	45
Múli III	44
Njarðvík	22
Óseyri	199
Skálanes	111
Skáli	199
Skorrastaður I	17
Skorrastaður II	14
Skriða	54
Starmýri	48
Strandhöfn	107
Stuðlar	101
Stöð	31
Sörlastaðir	102
Teigarhorn	325
Útstekkur	21
Vatnsdalsgerði	199
Vík	123
Ytri-Nýpur	69
Piljuvellir	28
Þorbrandsstaðir	141
	3.464



Austurlandsskógar stofnaðir

pistill frá Guðmundi Wiium Stefánssyni

Það var fallegur og góður dagur á Vopnafirði 10. júní 2002 þegar Austurlandsskógar voru formlega stofnaðir þar og jafnframt skrifað undir fyrsta samning um skógrækt á vegum Austurlandsskóga.

Þar voru mættir Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra og Helgi Gíslason framkvæmdastjóri Héraðsskóga ásamt fríðu föruneysi bæði að sunnan og austan af Héraði.

Frá upphafi var ákveðið að starfsfólk og skrifstofa Héraðsskóga skyldi halda utanum þetta nýjasta og jafnframt síðasta landshlutabundna skógræktarverkefni en stofnun Austurlandsskóga lokaði hringnum um landið.

Árið 2001 hafði verið notað til undirbúnings og kynningar á verkefninu og möguleikum þess fyrir landshlutann. Haldnir voru kynningarfundir í Breiðdal, Norðfirði, Vopnafirði og Borgarfirði eystri og mættu nær 100 manns á þessa fundi sem starfsfólk Héraðsskóga stóð fyrir. Þessir fundir leiddu glögg í ljós að Austfirðingar voru áhugasamir um að nýta sér þá möguleika sem felast í aukinni skjólbelta og skógrækt á svæðinu og strax höfðu 62 skráð sig til þátttöku í verkefninu. Í júní 2001 var Félag skógarbænda í Austurlandsskógum stofnað í safnaðarheimilinu á Reyðarfirði og voru stofnfélagar 24 af svæðinu frá Bakkafirði til Álftafjarðar. Þetta pótti á þeim tíma eðlilegt þar sem skógarbændur á Héraði byggju við aðra samninga og önnur vandamál en frumbýlingar í Austurlandsskógum.

Erfitt reyndist hins vegar að halda uppi félagsstarfi með viðunandi lífsmarki á svona stóru svæði, enda samstaða augljós með bændum á Héraði.

Nokkrir bændur á svæðinu höfðu náð að þoka sér inn í skógræktina eftir öðrum leiðum, svo sem með hjálp Skógræktar ríkisins (skógrækt á bújörðum) og í gegnum búvörusamning. Þessar jarðir færðust svo allar undir verkefnið og fóru vel og kröftuglega af stað, bæði vegna áhuga bænda og ekki síst vegna mjög góðrar samvinnu við dugandi og lipurt starfsfólk bæði Héraðsskóga og Skógræktar ríkisins sem alltaf var tilbúið ef til þess var leitað.

Afraksturinn má víða sjá á svæðinu í blómlegum reitum, þar sem gróðurinn sjálfur hefur svo ekki verður um villst, sannað að skógur getur vaxið mjög vel langt um víðar en ýmsir þóttust sjá fyrir nokkrum áratugum. Aukin kunnátta og val

á kvæmum sem hafa sannað sig við ýmsar aðstæður, ásamt auknu skjóli sem skógurinn fer að veita, mun á komandi árum enn auka vöxt og þroska ungvíðisins og flýta þannig fyrir þessari þróun.

Pótt frumbýlingsárin, í skógrækt eins og í öðrum greinum, séu alltaf erfið er það staðföst trú mín að skógræktarfolk eigi bjarta framtíð með sinn skóg þó langt sé í land með markmiðið, 5% af láglendi klætt skógi, náist.

Það er líka gaman að fylgjast með því hvernig þéttbýlisfólk sem komist hefur yfir 1-2 hektara af landi, gengur í það með þrotlausri elju að koma sér upp skjólgóðum skógarreit í kringum sitt sumarhús, það er æði stór og myndarlegur skógur ef það er allt lagt saman.

En fleira þarf að gera til að flýta fyrir þróun þessarar ungu og nytsömu atvinnugreinar og má þar nefna:

1. Lagalegt stjórnskipulegt umhverfi má ekki vera svo flókið að það hefti viljugt fólk til verka.

Greinin starfi undir einu ráðuneyti atvinnuvega, því skógrækt er og á eftir að vera í enn ríkara mæli öflug atvinnugrein sem styrkir dreifðar byggðir landsins.

2. Afnema þarf sem fyrst þá löngu úreltu skipan að sauðkindin megi valsa um landið eins og henni sýnast án þess að vera á ábyrgð eigenda sinna. Þetta kann að hafa verið í lagi á þeim tímum þegar sauðfé var á hverjum bæ og girðingarefni lítið, en þannig er það ekki í dag.

Ég á ekki að hafa rétt til að nýta mér fasteignir nágranna minna að þeim forspurðum.

Það er skýlaust brot á stjórnarskrárbundnum réttindum um friðhelgi eignarréttarins, að beita á fasteignir annarra án heimildar.

Ég er ekki hér að leggja til bann við lausagöngu sauðfjár, aðeins að benda á að hún á ekki við alls staðar og á að vera á ábyrgð sauðfjárþænda en ekki annarra.



Sums staðar eru sauðfjárjarðir með góð heiðarlönd þar sem þetta er mjög eðlilegt og hið besta mál en bóndi í miðri sveit sem ekki sinnir að koma sínu fé í afrétt heldur sleppir því bara í vegakantinn utan við túngirðingu er vísitandi að beita nágranna sína miklum órétti og valda þeim bæði vandræðum og kostnaði.

Nú þegar hestar og nautgripir eru komnir á ábyrgð eigenda sinna er það bara sjálfsagt réttlætismál að sauðfé í landinu verði líka í vörslu og á ábyrgð eigenda sinna.

Og að endingu ef okkur tekst gæfusamlega til með þetta stóra mál svo að varsla skógarins verði bæði ódýrari og öruggari og stjórnvöld og þjóðin standi saman um varðveislu og vöxt gróðurs í þessu landi er það bjargföst sannfæring mín að þegar við getum farið að státa okkur af tvö-þrjú hundruð ára gömlum trjám eins og víða má sjá í nágrannalöndum okkar, verði samanburðurinn okkur hreint ekki óhagstæður.

Með bestu kveðju,
Guðmundur Wium Stefánsson skógarbóndi
(fyrirverandi sauðfjárþóndi) Fremri-Nýpum, Vopnafirði

Guðmundur Wium formaður Félags skógarbænda á Austurlandi og Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra við stofnun Austurlandsskóga

Helstu stærðir

Ár	Fjárlög	Fjárlög upp- reiknuð með vísitölu neyslu- verðs*	Fjöldi sam- ingsbundinna jarða	Stærð sam- ingssvæðis (ha)	Fjöldi kortlagðra jarða	Kortlagning (ha)	Girðingar (km)	Jarðvinnsla (ha)
1990	25.000.000 kr.	65.218.952 kr.				800	5	
1991	35.710.000 kr.	86.802.769 kr.	20	2.500		2.200	21	159
1992	51.500.000 kr.	116.823.346 kr.	41	3.939		1.900	17	76
1993	51.500.000 kr.	114.046.923 kr.	51	5.133		1.500	40	79
1994	53.100.000 kr.	113.978.382 kr.	54	5.325		500	25	83
1995	53.000.000 kr.	111.912.841 kr.	64	7.500		1.700	19	128
1996	54.300.000 kr.	112.822.298 kr.	77	8.800		1.500	29	110
1997	54.900.000 kr.	111.831.054 kr.	81	9.600		700	31	161
1998	59.900.000 kr.	119.340.241 kr.	81	9.600		200	10	100
1999	67.200.000 kr.	132.145.455 kr.	95	10.705		580	6	90
2000	77.900.000 kr.	144.802.353 kr.	102	11.713		0	3	94
2001	91.200.000 kr.	163.745.455 kr.	112	12.346	8	980	50	228
2002	100.600.000 kr.	165.047.585 kr.	121	13.360	3	1.036	8	225
2003	112.200.000 kr.	181.457.410 kr.	128	13.880	7	957	36	272
2004	128.400.000 kr.	202.783.833 kr.	132	14.031	2	93	14	156
2005	141.400.000 kr.	214.819.231 kr.	137	14.513	0	0	17	163
2006	149.300.000 kr.	217.283.220 kr.	140	15.027	14	1.072	10	323
2007	151.200.000 kr.	205.867.666 kr.	148	16.169	5	411	14	226
2008	156.025.000 kr.	200.848.335 kr.	151	16.495	15	910	18	295
2009	135.200.000 kr.	146.749.343 kr.	153	16.761	2	242	10	214
2010	128.440.000 kr.	130.815.852 kr.	155	17.777	5	129	16	76
2011	118.700.000 kr.	118.700.000 kr.	132	15.207	6	885	6	134
Samt.	1.996.675.000 kr.	3.177.842.542 kr.	132	15.207	67	18.295	405	3.392

* ekki tekið saman

Árin 1990 – 2000 miðast eingöngu við tölur frá Héraðsskógum

Árin 2001 – 2007 eru samanlagðar tölur frá annars vegar Héraðsskógum og hins vegar Austurlandsskógum.

Árið 2007 voru verkefni tvö sameinuð

Slóðagerð (m)	Gróðursettar plöntur, fjöldi	Gróðursetning í ha á ári (3600 pl/ha)	Áburðargjöf (tonnum)	Binding koltvísýrings (tonnum)	Ársverk
	175.000	49		340	13
	945.000	262		2.174	17
	1.392.000	386		4.876	24
10.000	1.392.000	386		7.577	23
1.450	1.190.000	330		9.887	23
1.700	1.357.000	376		12.521	23
0	1.309.000	363		15.062	23
850	1.325.000	367		17.633	23
0	1.006.000	279	6	19.586	24
0	1.032.077	286	8	21.589	26
3.500	1.150.248	319	8	23.822	29
10.501	1.189.360	335	13	26.166	32
8.800	1.450.881	410	17	29.035	33
12.050	1.082.324	309	20	31.198	36
3.276	1.160.295	332	18	33.520	40
12.500	1.048.380	307	18	35.668	43
9.200	1.408.830	410	21	38.540	43
11.250	1.478.211	493	42	41.989	42
*	1.480.927	411	26	44.869	40
*	1.389.740	386	18	47.571	29
*	982.396	274	13	49.489	28
35.704	881.018	245	17	51.204	-
120.781	25.825.687	7.315	245	513.111	613



Héraðsskógar 20 ára

Lög um Héraðsskóga voru samþykkt á Alþingi í mars árið 1991 og urðu þar með fyrsta landshlutaverkefnið í skógrækt, samkvæmt lögum nr. 32, 1991. Fyrsta gróðursetningin á vegum þess var hins vegar árið áður eða 1990 en þá var verkefninu í fyrsta skipti úthlutað ákveðnu framkvæmdafé á fjárlögum. Aðstæður til skógræktar þóttu ákjósanlegar á Héraði og náðist mikil samstaða um að koma þessu verkefni á koppinn. Upphaflegt starfssvæði verkefnisins náði yfir Fljótsdal, Fell, Velli og hluta Eiðapinghár en síðar var starfssvæðið stækkað og náði yfir allt Fljótsdalshérað.

Aðdragandinn að stofnun Héraðsskóga er rakinn allt aftur til ársins 1950 er Hans Berg héraðsskógameistari í Örsta í Noregi lagði fram svonefnda Örsta áætlun. Þessi áætlun ásamt vaxandi skógræktaráhuga á Íslandi er talin hafa orðið kveikjan að Fljótsdalsáætlun, undanfara Héraðsskóga. Hákon Bjarnason þáverandi skógræktarstjóri og Valtýr Stefánsson framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands settu fram hugmynd um hvernig mætti fjármagna ræktun nytjaskóga og sendu þær hugmyndir Hermanni Jónassyni landbúnaðarráðherra árið 1952. Hjá ráðamönnum fengu þeir félagar lítinn hljómgrunn við hugmyndum sínum.

Árið 1965 var samþykkt á Alþingi þingsályktunartillaga þess efnis að landbúnaðarráðherra var falið að hlutast til um að Skógrækt ríkisins hæfi þá þegar ræktun lerkis á Hallormsstað eða nágrenni með það fyrir augum að ræktunin fullnægði þörfum Íslendinga fyrir girðingastaura. Þeirri tillögu var aldrei fylgt eftir með fjárveitingu.

Áfram unnu menn ötullega að hugmyndinni um nytjaskóg en það var ekki fyrr en við afgangi fjárlaga í desember 1968 sem samþykkt var að veita 500 þús. krónum til skógræktarframkvæmda í Fljótsdal. Þrátt fyrir að upphæðin væri einungis um þriðjungur þess sem óskað var eftir var hægt að hefjast handa og var byrjað á að girða af land á Víðivöllum Ytri í september árið eftir. Fyrstu plönturnar voru síðan gróðursettar þann 25. júní árið 1970 af Hallgrími Þórarinssyni og Rögnvaldi Erlingsyni.

Fljótsdalsáætlun var hluti af fjárlagalið Skógræktar ríkisins frá 1968 til 1989. Þótt framkvæmdir yrðu heldur minni en áætlanir höfðu gert ráð fyrir óx lerkis um betur en gert hafði verið ráð fyrir. Mikill samdráttur var í sauðfjárrækt á svæðinu á þessum tíma og það ásamt góðum árangri í skógræktinni varð til þess að auka áhuga bænda enn frekar.

Félag skógarbænda á Héraði var stofnað 3. maí 1988 og í maí það sama ár samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um eflingu skógræktar á Fljótsdalshéraði. Landbúnaðarráðherra skipaði verkefnisstjórn 7. mars 1989 til þess að undirbúa og semja tíu ára áætlun um eflingu skógræktar á Fljótsdalshéraði í samræmi við þingsályktunartillöguna. Í þeirri nefnd sátu Edda Björnsdóttir frá Félagi skógarbænda á Héraði, Jón Loftsson frá Skógrækt ríkisins, Kristófer Oliverson frá Byggðastofnun, Páll Sigurbjörnsson frá Búnaðarsambandi Austurlands og Álfhildur Ólafsdóttir frá landbúnaðarráðuneytinu.

Fyrstu tillögur nefndarinnar lágu fyrir í maí 1989 og í kjölfarið samþykkti ríkisstjórn Íslands að klæða skyldi skógi allt nýtanlegt skógræktarland á Fljótsdalshéraði á næstu 40 árum. Með samþykktinni voru lagðar fram 12 millj. kr. til að hrinta áttakinu í framkvæmd. Fjárveitingin dugði til þess að um sumarið 1989 var m.a. hægt að safna gögnum til þess að gera gróðurkort af fyrirhuguðu skógræktarsvæði og sá Rannsóknarstofnun landbúnaðarins um þá vinnu. Verkefnisstjórnin réð Hermann Ottósson sem verkefnisstjóra og áfram var unnið að mótun tillagna og hugmyndir bæði sóttar til og kynntar fyrir bændum á svæðinu en almennt var áhugi þeirra mikill á verkefninu.

Greinargerð um Héraðsskóga á Fljótsdalshéraði ásamt fjárhagsáætlun til 10 ára lá fyrir í október 1989 og í fjárlögum árið 1990 var 15 millj. veitt til verkefnisins. Verkefnisstjóraskipti urðu í ársbyrjun 1990 þegar Helgi Gíslason tók við af Hermanni. Áfram var unnið ötullega að því að koma verkefninu af stað og nota þá fjármuni sem þegar höfðu fengist og að mörgu var að hyggja. Þrátt fyrir að starfsemi væri í raun hafin og fjármagni veitt til Héraðsskógaverkefnisins urðu þeir ekki að veruleika lögum samkvæmt fyrr en í mars 1991 er lög nr. 32/1991 voru staðfest.

Með réttu má segja að aðdragandinn að stofnun Héraðsskóga var í raun aðdragandinn að stofnun annarra landshlutaverkefna því fljótið var komið í farveg. Góður árangur eystra varð til þess að áhugi bænda og landeigenda á skógrækt var vakinn um allt land. Suðurlandsskógar urðu til svo Norðurlandsskógar og koll af kalli komu landshlutarnir inn með sín verkefni. Austurlandsskógar voru síðasta landshlutaverkefnið sem sett var á laggirnar samkvæmt lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni nr. 56/1999.

Héraðsskógum var falin umsjá með skógrækt á Austurlandi með sérstökum samningi á milli Héraðsskóga og Landbúnaðarráðuneytisins. Þriggja manna stjórn Héraðsskóga hafði einnig



á hendi yfirstjórn Austurlandsskóga en fjárveitingum var haldið aðskildum. Verkefnin tvö höfðu sama framkvæmdastjóra og sama starfsfólk. Með nýjum lögum um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 95/2006 var rekstrar- og starfsgrundvöllur verkefnanna samræmdur. Ákveðið var í kjölfarið að sameina þau tvö verkefni sem störfuðu á Austurlandi og um áramót 2006/2007 voru Héraðsskógar og Austurlandsskógar sameinaðir og heita síðan Héraðs- og Austurlandsskógar.

Í stjórn Héraðs- og Austurlandsskóga hafa setið eftirtaldir aðilar:

Aðalsteinn Sigurgeirsson	1997-2001
Álfhildur Ólafsdóttir	1989-1991
Edda Björnsdóttir	formaður verkefnisstjórnar 1989-1991, í stjórn 1991-1993
Guðmundur W. Stefánsson	2003-2006
Jóhann Gísli Jóhannsson	2001-
Jón Loftsson	1989-1997
Jónas Magnússon	1993-2001
Kristófer Oliverson	1989-1991
Niels Árni Lund	formaður stjórnar 1995-2003
Páll Sigurbjörnsson	1989-1991

Gróðursæld á Héraði

Sigurgeir Þorgeirsson	formaður stjórnar 1991-1995
Þorsteinn Bergsson	formaður stjórnar 2011-
Þorvaldur Jóhannsson	formaður stjórnar 2003-2011
Þór Þorfinnsson	2001-

Héraðs- og Austurlandsskógar voru og eru brautryðjendur. Héraðsskógar voru fyrsta landshlutaverkefnið í skógrækt og hér var barist af hvað mestum krafti fyrir tilveru verkefnanna. Þótt nú séu stuðningsmenn þeirra margir og dreifðir um land allt heldur brautryðjandastarfið og baráttan áfram.

Eins og sjá má í meðfylgjandi töflu hafa fjölmargir lagt Héraðs- og Austurlandsskógum lið í gegnum tíðina.

Agnes Brá Birgisdóttir	sumarstarfsmaður 1997, 1998, 2002 og 2004, fastráðin 2005-2008
Auður Elva Kjartansdóttir	sumarstarfsmaður 2005
Benjamín Davíðsson	sumarstarfsmaður 2006, fastráðinn 2007-2010
Brynjar Skúlason	kortlagning 1992
Brynjólfur Sigurjónsson	sumarstarfsmaður 1997
Dagný Hrafnkelsdóttir	sumarstarfsmaður 1995

Eeva-Maria Qvisen	sumarstarfsmaður 2001
Else Möller	sumarstarfsmaður 2008, fastráðin frá 2010
Freyja Gunnarsdóttir	2000-
Guðlaugur Egilsson	sumarstarfsmaður 1992-1995
Guðmundur Ólafsson	2004-2007
Heather Lynne Danforth	sumarstarfsmaður 2001
Helgi Gíslason	1990-2004
Hermann Ottósson	1989-1990
Hlynur Gauti Sigurðsson	2008-
Jóhann Þórhallsson	1991-2008 með hléum
Kveldúlfur Þrastarson	2002 og 2007
Loftur Þór Jónsson	Kortlagning 1991, 1992, fastráðinn 2003-2004
Ólöf I. Sigurbjartsdóttir	2007-
Rafn Óttarr Gíslason	1993-1999
Rúnar Ísleifsson	1997-2002
Sherry Curl	1997-
Sigbjörn Sævarsson	2001-2010
Sigrún Sigurjónsdóttir	1995-1997
Sigrún Theodórsdóttir	tímabundið 2001
Skúli Björn Gunnarsson	sumarstarfsmaður 1997
Sonja Erlingsdóttir	1997-1998
Valdimar Reynisson	sumarstarfsmaður 2007
Þórarinn Árnason	1994-sumarstarfsmaður 1997
Þórveig Jóhannsdóttir	sumarstarfsmaður 2008 og 2010
Arnfinnur Bragason	sumarstarfsmaður 1991
Lárus Heiðarsson	tímabundið 2001

Tæplega 15.000 ha. eru samningsbundnir á 133 jörðum. Jörð er skilgreind sem landssvæði með sérstakt landnúmer og þannig geta gamalgrónar jarðir sem búið er að skipta upp verið með marga samninga. Skiptingin er þannig að 95 jarðir eru á Héraðsskógasvæði en 38 jarðir á Austurlandsskógasvæði. Er það nokkur fækkun á samningsbundnum jörðum frá því sem mest var þar sem eigendur nokkurra jarða á Héraði sáu sér ekki hag í að endurnýja sína samninga. Fyrstu samningar Héraðsskóga voru einungis til 10 ára en gert ráð fyrir endurnýjun þeirra í þriggja til þess að 40 ára samningstímabil næðist. Með samræmdum lögum um landshlutaverkefni í skógrækt sem tóku gildi árið 1996 var samningsforminu breytt og er nú til 40 ára án endurnýjunarákvæða.

Samningsbundnar jarðir og stærð samningssvæða í árslok 2011 eru:

Jörð	ha.
Arnheiðarstaðir	20
Arnhólsstaðir	116
Áreyjar	132
Árteigur	43
Ás I	428
Ásgarður	47
Ásgeirsstaðir	290
Bessastaðir	38
Birnufell	468
Bláeyri	168
Borg	81
Bragðavellir	37
Breiðamörk	40
Breiðavað	37
Brekka	50
Brekkuborg	150
Brekkugerðishús	95
Brekkusel	199
Dagverðargerði	75
Dratthalastaðir	126
Droplaugarstaðir	182
Ekkjufell II	65
Eyjar	30
Eyjófsstaðir, Djúpav.hr.	83
Eyjólfstaðir	145
Eyrarland	41
Eyrarteigur	311
Fagrihvammur	53
Fannardalur	164
Fell	133
Fjallssel	78
Flaga I	143
Flúðir	35
Fremri-Nýpur	92
Geirólfsstaðir	115
Geithellar II	61
Grund	98
Gunnlaugsstaðir	145
Hafrafell I	40
Hagi	43
Hallfreðarstaðir I	17
Hallfreðarstaðir II	100
Hamragerði	47
Hauksstaðir	67
Helluland	96

Jörð	ha.
Heykollsstaðir	145
Hjarðarhagi	81
Hjartarstaðir	121
Hlíðarendi	84
Hnitbjörg	85
Hof II	29
Hrafnsgærði	78
Hreimsstaðir	199
Hrólfstaðir	148
Hræreklækur	199
Hvammur	171
Hvannabrekka	156
Höskuldsstaðir	31
Kaldá	20
Karlsstaðir	52
Kleppjárnsstaðir	35
Klúka	18
Kross	13
Langhús	72
Lindarhóll	111
Litla Steinsvað I	199
Litla Steinsvað II	199
Litla-Sandfell	192
Lækjabrekka	45
Meðalnes II (nyðra)	250
Melar	71
Miðhús	36
Miðhúsasel	225
Mjóanes Björn	46
Mjóanes Helena	13
Mjóanes Reynir	199
Mjóanes Sigurlaug	26
Mjóanes Sigurlaug	24
Múli III	44
Mýnes II	101
Mýrar	161
Mælivellir	46
Njarðvík	22
Ormarstaðir II	111
Óseyri	199
Rauðholt	35
Refsmýri	26
Sauðhagi II	163
Selland	42
Setberg	162

Jörð	ha.
Skálanes	111
Skáli	199
Skeggjastaðir I	23
Skeggjastaðir II	73
Skorrastaður I	17
Skorrastaður II	14
Skógargærði	164
Skriða	54
Sleðbrjótur	109
Snjóholt	336
Sólbrekka	15
Staffell	99
Stangarás	46
Starmýri	48
Stóra Sandfell I	588
Strandhöfn	107
Strönd	220
Stuðlar	101
Stöð	31
Sörlastaðir	102
Teigaból	16
Teigarhorn	325
Uppsalar	105
Urriðavatn	27
Útstekkur	21
Vað	93
Vallanes	228
Valþjófsstaður I	58
Vatnsdalsgærði	199
Víðastaðir	197
Víðilækur	234
Víðivallagerði	378
Víðivellir fremri	152
Víðivellir ytri I	118
Víðivellir ytri II	93
Vífilsnes	24
Vífilsstaðir	94
Vík	123
Ytri-Nýpur	69
Þiljuvellir	28
Þorbrandsstaðir	141
Þorgerðarstaðir	200
Þrándarstaðir	82

14.972

Héraðsskógar 20 ára, heillaóskir

pistill frá Eddu Björnsdóttur

Það er svolítið skrítið að hugsa til þess að það séu að verða um tuttugu og fimm ár síðan við hófum undirbúning að því að koma skógræktarverkefni af stað sem fékk fljótlega nafnið Héraðsskógar.

Já, tíminn líður hratt og oft finnst manni ótrúlegt að þessar litlu plöntur sem við settum niður 1990 séu orðin um 10 m há tré sem stækka bara og stækka!

Þegar undirrituð ferðast um okkar fagra Hérað, eða flýg yfir það, þá verð ég alltaf jafn hissa á því hvað gríðarstór svæði eru orðin þakin skógi. Ég verð að játa það að þó svo við hefðum sett okkur háleit markmið í upphafi Héraðsskóga þá hvarflaði það ekki að mér á þeim tíma, að ég ætti eftir að sjá verkefnið vaxa svona hratt úr grasi.

En þetta er rétt að byrja því ef allt gengur eftir verða þessir skógar sem hér eru að vaxa upp sýnilegir næstu 150 árin og jafnvel mun lengur. Við Héraðsmenn tókum þessu verkefni vel á sínum tíma þar sem ytri aðstæður voru erfiðar hér til

sveita og nú hafa margir fleiri bæst við, bæði á Héraði og niðri á fjörðum. Það er í þessu eins og svo mörgu öðru sem verið er að þróa, að skipulag og aðferðir breytast í tímans rás. Á þessum fyrstu árum var talið nánast útilokað að rækta skóg fyrir utan Egilsstaði, en í dag ná verkefni Héraðs- og Austurlands-skóga út að sjó. Þá var heldur ekki talað um að frysta plöntur yfir veturinn og setja niður frosnar að vori. Þá var heldur ekki til í íslensku máli loftlagskvóti hvað þá að það væri afurð sem hægt væri að hafa viðskipti með eða taka greiðslu fyrir!

Það hafa því orðið miklar og stórstígar breytingar á þessum tuttugu árum þó svo grunnurinn sé enn sá sami þ.e.a.s. uppbygging auðlindar með plöntun í skóglaut land til hagsbóta fyrir komandi kynslóðir.

Megi verkefnið rísa aftur upp og dafna á næstu árum þó svo kreppi að nú um stundir. Til hamingju með tuttugu árin.

Edda Björnsdóttir, skógarbóndi

Tiltekt í Eiðahólma



Tiltektarteymið í Eiðahólma. Hlynur, Pétur, Bjarki, Steini, Lóa og Jóhann Gísli

Þriðjudaginn 20. september gerði Félag skógarbænda á Austurlandi út sex manna teymi til tiltektar í Eiðahólma í Eiðavatni á Eiðum. Tilgangurinn var að hreinsa og gera snyrtilegt fyrir aðalfund Landssamtaka skógareigenda, sem var haldinn 7. - 8. október. Félag skógarbænda á Austurlandi lagði til þrjá menn, Skógrækt ríkisins tvo og Héraðs- og Austurlandskógar einn. Vinnan gekk vel og var sól og blíða allan tíman á meðan á verkinu stóð. Lappað var upp á eldri stíg sem liggur langsum í hólmanum, veislurjóðrið var hreinsað og stækkað og búin var til gönguleið í gegnum kjarrvaxið birkið þannig að hægt er að ganga hring eftir hring. Bátur var fenginn að láni hjá sumar-búðum Kirkjumiðstöðvarinnar og Ævar umsjónarmaður var svo höfðinglegur að útvega utanborðsmótor, vill hópurrinn þakka honum kærlega fyrir. Eftir atlöguna er hólminn mun aðgengilegri en áður. Eins og fyrr segir var stefnt að því að sigla með landsmótsgesti út í Hólmann en þegar til kastanna kom þótti of hvasst til ferjuflutninga þann daginn og ekki þótti ráðlegt að framfylgja fyrri áætlun. Engu að síður er Eiðahólminn nú orðinn aðgengilegri. Önnur saga fylgir þeim greinum og trjám sem felld voru en betur má lesa um það í næstu ársskýrslu.

Veður 2011



Tíðarfar á Austurlandi árið 2011 var vægast sagt óhagstætt gróðri, ekki síst tegundum eins og lerki sem hefja vöxt snemma. Eins og sjá má á töflunni voru mars og apríl óvenju hlýir og sæmilega hlýtt fram í miðjan maí. Lerki og flest lauftré voru orðin vel græn og gróðursetning víða hafin. Um 20. maí tók að kólna og í kjölfarið kom u.þ.b. tveggja vikna hret. Talsverðar skemmdir urðu á útsprungu laufi og nálum og einnig á plöntum í gróðrarstöðvum. Í kjölfarið hélt svo sumarið áfram að vera kalt og var lítið um sólskin á Austurlandi. Skógar voru víða brúnir allt sumarið. Fyrri reynsla kennir okkur að trjágróður hefur líklega ekki orðið fyrir varanlegum skemmdum, en búast má við að lítill sem enginn þvermálsvöxtur hafi orðið.

Lerkiskemmdir að Höfða, ágúst 2011

Mánuður	Meðalhiti	Vik	Röð af 57*
mars	-0,6	0,8	17
apríl	5,8	4,0	2
maí	4,4	-0,4	43
júní	6,0	-2,7	57
júlí	10,5	0,2	23
águst	8,9	-0,7	44-45

Meðalhiti vors og sumars 2011 á Egilsstöðum og vik miðað við meðalhita 1960-1990. * Mælingar ná til 57 ára og því má sjá að júnímánuður var sá kaldasti sem mælst hefur en apríl sá næst-hljásti (www.vedur.is).

„menningin vex í lundi nýrra skóga“

pistill frá Braga Björgvinssyni

Ég vil í upphafi þessa greinarkorns taka mér í munn erindi, sem er hið níunda í röðinni í ljóði hins ágæta skálds og mikilhæfa manns Hannesar Hafstein, sem skáldið nefnir „Aldamótin“ og er um leið hvatning til samtíðarfólks til starfs og dáða og að auka gæði landsins með því að rækta skóg.

„Sú kemur tíð, er sárin folda gróa,
sveitirnar fyllast, akrar hylja móa,
brauð veitir sonum móðurmoldin frjóa,
menningin vex í lundi nýrra skóga.“

Já vissulega hefur menningin víða blómstrað í skógarlundum landsins og ekki síst á Héraði með samkomuhaldi í Hallormsstaða- og Egilsstaðaskógi. Þá hafa félög tengd skógrækt efnt til samkomuhalds í Víðivallaskógi. Og í mörgum lundinum hefur fyrsta frækorni nýs mannlífs verið sáð, „við bros og angan blómanna.“

Þegar við systkin og tengdafólk tókum, fyrir nær tuttugu árum, að velta fyrir okkur skógrækt á Víðilæk, spurði ég kunnáttumenn í skógrækt um skilyrði til slíkra hluta hér á Víðilæk.

Skógræktarfrömuðir þessir töldu skilyrðin afar slæm uppi í Skriðdal. „Þegar kemur upp fyrir Vað og Stóra-Sandfell versna skilyrðin mjög,“ sögðu þeir. Þetta fannst mér mjög slæmt að heyra og hin verstu tíðindi. Í gördum margra íbúðarhúsa í Skriðdal voru og eru enn mjög vöxtuleg tré svo sem birki, reyniviður og jafnvel ösp og í engri sveit á Héraði, nema í Vallahreppi þar með talinn Hallormsstaðaskógur voru meiri birkiskógar en í Skriðdal. Trúði ég því ekki fyllilega orðum skógræktarmanna. Það ber auðvitað að viðurkenna að skilyrði til skógræktar eru lakari í Skriðdal en á miðhéraðinu enda er hæðarmismunur landsins meira en hundrað metra yfir sjó í Skriðdal eða í nálægum sveitum. Þá er snjóasælla í Skriðdal, einkum á austurbyggðinni, en snjórin bælir og brýtur allnokkuð, einkum tré af erlendum stofni.

Rúmum tuttugu árum áður en við systkin tókum að hugleiða skógrækt á Víðilæk, var Björn Bjarnason í Birkihlíð farinn að gróðursetja skógarplöntur af nokkrum tegundum, þótt í fremur smáum stíl væri í fyrstu. Aðallega voru það plöntur komnar vel á legg, sem hann keypti frá Hallormsstað og gaf þessi skógrækt hans góða raun. Mér hefur verið tjáð að ekki síst vegna hins

góða árangurs Björns með sína ræktun og hins að hann hafði á hendi um árabil, veðurathugun fyrir Veðurstofu Íslands, sem var á þeim tíma fremur hagstæð, að væntanlegt skógræktarland var útvíkkað upp um allan Skriðdal og um leið út um allt Hérað.

Vorið 1992 fengum við systkin að hirða, hjá gróðrarstöðinni Barra, talsvert magn lerkiplantna, nærri 6000 plöntur, sem annars átti að fleygja. Gróðursettum við þessar plöntur þá um vorið, aðallega í grjóthart melasvæði og lukkuðust þær vel og eru þær hæstu orðar um 6 m á hæð. Sárálítil afföll urðu á þessum plöntum í frumuppvexti og engan áburð fengu þær, þá var ekki farið að gefa áburð við gróðursetningu og raunar ekki fyrr en nokkrum árum síðar. Fremur lítið var um tvístofna tré eða margstofna en dálítið um tvo eða fleiri toppa en ég klippti og snyrti þessi tré fyrir fjórum árum.

Ákaflega finnst mér það skemmtilegt og gefandi starf að stunda ræktun hvers konar og þá ekki síst skógrækt, það veitir lífi og krafti í kroppinn og yndi í sálina. Eða líkt og ég sagði eitt sinn í vísukorni er ég hnoðaði saman fyrir löngu síðan.

Við mér brosir veröld hljóð,
vefur þétt að brjósti sínu.
Gefur auð í andans sjóð
yndi vekur hjarta mínu.

Þá var ég að vísu ekki við ræktunarstörf, þá var ég staddur inn við skála F.F.F við Geldingafell austan Eyjabakkajökuls, að áliðnum vetri. Áður en sólin hneig í jökulinn í vestri, baðaði hún alhvítt Snæfellið og hnjúkana þar suður af, líkt og gullslegnir væru, en brá ótrúlegum fjölda lita á þau ský, sem á himninum voru. Um kvöldið varð heiðskýrt og logn og þegar tunglið klifraði yfir Prándarjökulinn í austri, glitraði allt umhverfið líkt og ótölu- legur fjöldi perla lægi á frosnu hjarninu. Þá varð dýrð dagsins fullkomnuð. Jæja, þá er ég víst kominn langt út fyrir efnið. Ljúfar endurminningar hrifu mig inn á aðra braut.

Ég held því fram að við gróðursetningu sé í sumum tilvikum notaður of mikill áburður á plönturnar, einkum þar sem gróðursett er í jaðar flekkingarsára í hallandi og mjög grasgefnu landi, ekki síst þar sem snarrót er mikil og áburðinum er dreift upp að jaðri grasrótarinnar, þá veldur hluti áburðarins stórauðnum grasvexti, sem að hausti leggst í sinulúða yfir plönturnar, er síðan kafna undir mottunni. Þó er fura af ýmsum

kvæmum nokkuð dugleg að ná sér upp úr grasinu. Af þessum völdum hafa orðið allmikil afföll á plöntum hér á Víðilæk og allnokkra hef ég heyrt kvarta yfir hinu sama. Þá er miklu betra að gróðursetja plönturnar næstum neðst í flekkingarsárið ef það hallar þannig, þá nær grasið og sinan að hausti síður til að kaffæra þær. Í nær öllum tilvikum leggst sinan undan brekkunni, það liggur í hlutarins eðli.

Ég hef oft velt því fyrir mér hvort það sé ekki of mikill áburðarskammtur gefinn ef hann lendir til dæmis í einum haug fast við eða jafnvel ofan á nýgróðursettar skógarplöntur úr 67 gata bökkum, það er nú ekki beysinn biti og rôtarkerfið máski ófullkomið. Síðan kastar almættið af sér hinu heilaga vatni í ómældu magni og áburðurinn leysist upp í einni svipan ofan í hnausinn. Það er alkunna að ef áburður lendir í haug ofan í grasrótina, jafnvel þótt í litlu magni sé „brennur“ grasið eins og það er kallað, undan áburðinum.

Líklega eiga nú fræðimennirnir í Musterinu erfitt með að kyngja þessum bitum sem einn farísei og falsspámaður kastar fram úr skothúsi uppi í afdal sitjandi fyrir tófu í svarta myrkri og hrolli að áliðinni nótt, þá er ég að sönnu að tala um það sem varðar skógrækt. Það verður þá bara að hafa það, þetta eru nú einungis leikmannspankar.

Líkt og það er ánægjulegt að sjá skógarplönturnar þroskast eðlilega er jafn raunalegt þegar þær deyja drottni sínum. Að sönnu verður aldrei komið í veg fyrir afföll vegna hinnar óblíðu veðráttu landsins og hér koma einnig fleiri þættir við sögu, svo sem lirfa ranabjöllunnar í moldinni sem nagar rætur plantanna og jarðyglan sem er lirfa fiðrildis, sem lítið hefur þó borið á mörg s.l. ár, en olli verulegum skemmdum einkum á smáum lerkiplöntum árið 1996 og lítillega næstu ár á eftir.

Það var hræðilegt að sjá hvernig barr lerkisins skemmdist og fékk á sig haustlit í kuldunum s.l. vor og náði ekki að jafna sig nema að mjög litlu leiti í allt sumar. Þá varð brjóst mitt dapurt og hljótt. Raunar skemmdust fleiri tegundir hér svo sem ösp og reyniviður. Vafalítið nær lerkid sér á strik næsta vor.

Allnokkuð hefur verið kvartað í mín eyru yfir því að víða hafi útsýnið verið byrgt nær alveg frá þjóðvegi séð yfir Lagarflijótið og næsta umhverfi þess og auðvitað víðar með því að gróðursetja of samfelldt og þétt og víða hafi ásar og klettur verið kaffærðir í skógi. Þessar óánægjuraddir hafa talsvert til síns máls og þyrfti að huga betur að þeim þætti. Á það má þó benda að með fækkun sauðfjár og þar með aukinni beitarfriðun, þýtur birkikjarrið víða upp og mjög þétt og hamlar víða útsýn með tímanum, það vex mun hraðar heldur en flestar innfluttar skógarplöntur, en kemur því miður að litlu gagni vegna þéttleikans og þar af leiðandi mjög grannra stofna, nema helst fuglum og ýmsum smádyrum. Sums staðar skemma hreindýr

birkikjarrið, en þó einna helst lerkiskógana sem þau hafa víða stórskemmt með því að nugga hausnum upp og niður eftir trjábólunum en þau virðist klæja í hornaræturnar á hornafellingartíma. En tré 1.5-2 m á hæð verða helst fyrir barðinu á hreindýrunum og hreinsa þau þá nær allar greinar af hluta stofnsins og mjög víða börkinn líka.

Það er leiðinlegt hvað sumir eru andvígir skógrækt og finna henni allt til foráttu, eins og fallegir skógarreitir þrýða nú land, sem er illa farið eftir of mikla beit eða óblíða náttúru. Slíka reiti eða samfelld skógarsvæði þarf vissulega að verja með girðingum fyrstu 20 - 25 árin en síðar mætti beita í þá kindum, er trén hafa náð ákveðinni hæð. En það er ekki nóg að girða og girða það þarf einnig að sinna nauðsynlegu viðhaldi en því er víða ábótavant, þannig að allvíða eru skógræktarsvæði undirlögð af fé mikinn hluta sumars. „Það er nú heimsins þrautarmein“ því laufblöð sumra ungra plantna svo sem af reyniviði, birki og selju (e.t.v. fleiri teg.) þykja kindum hið mesta hnossgæti, það hef ég sjálfur séð og þá fylgir nú kannski hluti greinanna með laufblöðunum.

Víkjum aðeins að girðingum aftur. Ef til vill tekst aldrei að hemja allar kindur með rafgirðingum eða þær sem komast uppá lag með það strax í upphafi að smjúga lélegar girðingar. Eitt sinn á miðju sumri var ég að eltast við tvílembda á sem sótti hvað eftir annað í skógræktarlandið. Þegar þar kom eltingarleiknum að kindurnar nálguðust rafgirðinguna skellt rollufjandinn sér í gegn með lömbin í eftirdragi rétt eins og girðing væri ekki til, en hún átti alls ekki að fara þarna í gegn. Þessi girðing var í besta lagi með réttu bili á milli strengja og hárrí rafspennu. Ef bölbænir mínar hefðu orðið að áhrinsorðum hefðu skjáturnar sokkið á augabragði í jörð niður og ég ef til vill líka vegna bölbænanna. Svo eru til algerar andstæður. Eitt sinn seint að hausti var ég að skyggjast eftir kindum inni á Stuttadal, sem er að hálfu leiti í landi Víðilækjar og að hálfu í landi Hauga. Nær yst á dalnum rakst ég á tvær kindur, á og lamb áður óaðkomnar. Kominn var talsverður snjór í gil og lautir og raunar víðar. Gekk mér sæmilega út í mitt fjall (Hallbjarnarstaðatindsins), enda á þeirri leið ekki mikið um djúp og breið gil. En nú tóku við mikil gil með snjóhengjum að norðanverðu. „Sá ég þá mína sæng tilreidda“ og hugðist koma kindunum niður á þjóðveg en hann var nær auður. Kindurnar fóru út fjall ofan við rafgirðinguna og varð ég því að koma þeim niður fyrir hana til þess að sleppa við gilin. Strengirnir lágu allir niður við jörð því ég tek alla rafgirðinguna niður af einöngurum og staurum á hverju hausti annars brotna þeir og staurar einnig víða og vírinn slitnar í þessu mikla snjóabæli sem hér er. Taldi ég að auðvelt yrði að koma þeim þarna yfir en það fór á annan veg, hvernig sem ég baksaði og streittist var ekki viðlit að koma kindunum niður fyrir girðinguna og að lokum tóku þær á rás upp með öllu gili og lauk þeirra ferð ekki fyrr en hátt uppi í fjalli eða fyrir ofan upphaf gilsins. Hökti ég á eftir með grátstafinn í kverkunum og voða ljótt orðbragð á

tungu. Þar sem þarna var nú ekki lengur gilið til trafala og minni snjór, fóru kindurnar út fjall og í áttina heim. En þær skelltu sér á skökkum stað niður eða á milli stórra gilja, en þar niður við girðinguna hamlaði för þeirra há fossbrún og snjóskafi í giliinu og nú hallaði mjög til myrkurs. Þarna varð ég sem sagt að játa mig sigraðan enda bæði dagprota og magnprota en uppgjöf er eitt það hræðilegasta sem lífið býður uppá. Staulaðist ég því heim með afar skert sjálfsálit og sagði eiganda kindanna, Magnúsi á Hallbjarnarstöðum, símleiðis hvernig málum væri komið.

Víkjum aðeins aftur að skógrækt. Frá mínum bæjardyrum séð ætti ekki að gróðursetja þannig að úr verði ferkantaðir eða jafnhliða reitir með beinum línunum, miklu fremur óreglulegir með ýmsu formi.

Ég get ekki látið hjá líða að óska Héraðs- og Austurlandsskógum til hamingju með afmælið og ég þakka starfsfólki öllu fyrir ljúft viðmót og prýðisgott samstarf frá fyrstu tíð. Ég fæ naumast staðist þá freistingu að nefna hér skógræktarstöðvarnar Barra og Sólskóga og einnig Skógrækt Ríkisins og þakka starfsfólki

þessara fyrirtækja allra fyrir samstarfið. Um leið hvet ég af mikilli alvöru, ráðamenn fjármála þessa lands til að tryggja að nægt fjármagn sé ávallt fyrir hendi svo starf þessara fyrirtækja sem og annarra vítt um land geti áfram blómstrað.

Ég lýk þessu fátæklega hjali mínu á sama máta og í upphafi með því að vitna í hið ágæta kvæði „Aldamótin“ og birti hér 13. erindi kvæðisins en alls eru þau 14 og ég hvet sem flesta til að lesa það allt og tileinka sér boðskap þess til heilla landi og lýð.

Með öðrum orðum „ÍSLANDI ALLT“

Starfið er margt, en eitt er bræðrabandið,
boðorðið, hvar sem þér í fylking standið,
hvernig sem stríðið þá og þá er blandið,
það er: Að elska, byggja og treysta á landið.

*Bragi Björgvinsson
Víðilæk
Skriðdal*

Vísa með framkvæmdaskýrslu

Með framkvæmdaskýrslum skógarbænda berast starfsmönnum iðulega allskonar miðar með upplýsingum um eitt og annað sem þarf að koma til skila. Miðarnir sem ævinlega fylgja skýrslum frá Braga Björgvinssyni gleðja okkur umfram aðra miða enda af talsvert öðrum toga eins og sjá má hér að neðan.

Baksar hann ennþá og sífellt hann Bragi
bölvar sem nautið í rennbautu flagi.
Auminginn stynur og gapir og grætur
það gengur svo hægt að trén festi rætur.

Með kveðju frá Gregory

Hvað gerðist eiginlega 2011 – heilmikið eða ekkert?

Stundum lítur út eins og ekkert gerist t.d. eins og með tré. Þau eru gróðursett og standa bara, tóra árum saman en svo allt í einu fara þau að stækka og gildna. Það er oft svipað ferli fyrir nýjan starfsmann. Hann stendur bara, fótur sig, safnar reynslu og þekkingu um nýja vinnustaðinn og kemst smám saman inn í hlutina. Undanfarið ár hefur fyrir mig snúist um að komast inn í starfið sem skógfræðingur hjá HASK. Það tekur sinn tíma því þetta er stórt verkefni með mörg mismunandi verk, mismunandi svæði og tengt mörgum samstarfsaðilum. Þess utan hefur drjúgur tími farið í ferðalög innanlands sem og erlendis til að komast á námskeið og ráðstefnur. Í mars var farið í kynnisferð til Danmerkur til að fræðast um notkun skógarafurða. Í apríl var farið alla leið vestur á Reykjanes við Ísa-fjarðardjúp á árlega skógarráðsstefnu og síðar í sama mánuði var farið til Reykjavíkur í tilefni Alþjóðlegs árs skógarins. Í maí lá leiðin aftur til Danmerkur til að kanna hvernig Danir rækta jólatré og hvað er gert hjá þeim yfir sumarið. Í ágúst var lagt af stað í þriðja skiptið til Danaveldis til að taka nokkra áfanga við Landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn sem tengjast námi mínu. Áfangarnir voru að mestu tengdir jólatrjáaræktun en voru líka um plöntunæringu og áburðafræði.

Á árinu hafa ýmis ný verkefni farið af stað hjá HASK. Landsamband skógareigenda var með kynningu á aðalfundi Félags skógarbænda á Austurlandi sem haldinn var á Vopnafirði í vor þar sem ákveðið var að stofna jólatrjáahóp á Austurlandi eins og gert var á Norðurlandi og Suðurlandi í samvinnu LSE og landshlutaverkefnanna. Stýrihópur, fyrir áhugamenn um ræktun jólatrjáa á Austurlandi, á vegum Landssamtaka skógar-eigenda var stofnaður á fundi 8. júní 2011. Í hópinn voru valin Jóhann Þórhallsson, Helgi Bragason og Else Möller (HASK). Ákveðið var að Else mundi heimsækja alla bæi sem hafa tilkynnt áhuga fyrir að fara út í jólatrjáaræktun sem var gert og allir bæirnir, sem eru 12, fengu „grænt ljós“ til að halda áfram. Á einum bænum var strax gróðursett vorið 2011, meðal annars fjallaþin. Aðrir eru byrjaðir að undirbúa verkefnið með jarðvinnslu og jarðvegssýnatöku og stefna á að byrja að gróðursetja vorið 2012. Sumir verða að bíða eftir skjólbelti áður en hægt er að byrja að rækta jólatré. Gaman er að fylgjast með vaxandi áhuga fyrir jólatrjáaræktun og ekki síður hvernig markaðurinn fyrir íslensk jólatré hefur aukist. Sala jólatrjáa frá Héraði gekk vel bæði frá Skógrækt ríkisins og bændum. Samtals voru um 1350 tré höggvin og seld sem jólatré. Vonandi mun áhuginn fyrir íslenskum jólatrjám aukast til muna og Íslendingar byrja að sjá verðmæti og skynsemi í að nota lifandi, ilmandi jólatré framleidd á Íslandi á sjálfbæran hátt!




Else í fullum herklæðum

Í september byrjaði „Grænni skógar I“ námskeiðaröðin í annað sinn undir stjórn Endurmenntunardeildarinnar á Hvanneyri og Björgvins Eggertssonar. Um 15 manns hafa skráð sig á námskeiðið og hópurinn samanstendur af þátttakendum frá nánast öllu Austurlandi – bæði skógarbændum og áhugamönnum. Það fór vel af stað síðastliðið haust. Fyrstu helgina var „Undirbúningur lands til skógræktar“ á dagskránni og seinni helgina var „Skógar og vistkerfi“ kennt. Það verður spennandi að fylgja þessum nýja hópi áfram og sjá hvernig þau takast á við þetta verkefni.

Else Möller

Jarðyglur



Meðaltalsþéttleiki jarðyglulirfa á Héraði



Reimar og Sherry við jarðvinnsluúttekt á Felli



Dyrfjöllin séð frá Litla-Steinsvaði 2



Hlynur og Pétur vanda sig við gróðursetninguna

Gróðursetningar og tegundir 1991-2011




25 milljónasta plantan


Á árinu 2011 var þeim áfanga náð að 25 milljónasta plantan var gróðursett á vegum Héraðs- og Austurlandsskóga. Var það gert í landi Litla-Steinsvaðs í Hróarstungu. Á þeim árum sem liðin eru frá stofnun Héraðsskóga er búið að gróðursetja 25.856.653 trjáplöntur í u.þ.b. 7.700 ha. Þar af hafa 22.837.842 farið niður á Héraðsskógasvæðinu, 2.843.160 á Austurlandsskógasvæðinu og 175.651 fóru niður á Suðurlandsskógasvæðinu. Ástæða þess að plöntur frá HASK fóru niður á Suður-

landsskógasvæðinu var sú að árið 1997 var gróðursett minna á Héraði en árin á undan vegna jarðyglufaraldurs sem geisað hafði. Ákveðið var að draga úr gróðursetningum á greni, aðallega á grasgefnum svæðum og fengu Suðurlandsskógar þær plöntur sem umfram voru.


Gróðursetningar hafa farið fram víða á starfssvæðinu. Fyrstu árin var plöntum dreift víða til kynningar og til þess að sjá lifun mismunandi tegunda við misjöfn skilyrði. Misjafnt er hversu hratt landeigendur hafa farið í gróðursetningar, sumir náðu að fylla sín samningssvæði á tiltölulega fáum árum á meðan aðrir hafa farið hægar í sakirnar.




Mynd 2 Hlutfallsskipting tegunda á Austurlandsskógasvæði 2001-2011




Mynd 1 Hlutfallsskipting tegunda á Héraði frá 1991-2011



Mynd 3 Hlutfallsskipting tegunda á starfssvæðinu öllu 1991-2011



Mynd 4 Magn og tegundaskipting gróðursettra tegunda á Héraðsskógsvæðinu



Mynd 5 Magn og tegundaskipting gróðursettra tegunda á Austurlandsskógsvæðinu

Gróðursetningar og tegundir

	Birki	Fura	Greni	Lerki	Ösp	Annað	Samtals
Aðalból, Jökuldal	67	0	0	67	0	0	134
Arnheiðarstaðir, Fljótisdal	2.760	297	0	39.154	0	1.000	43.211
Arnhólsstaðir, Skriðdal	29.036	5.381	880	86.783	0	1.000	123.080
Áreyjar, Reyðarfirði	29.074	19.647	10.804	44.661	51	15.913	120.150
Ás, Fellum	47.089	136.068	147.552	481.833	18.193	9.440	840.175
Ásgarður, Völlum	1.876	25.722	16.180	86.158	5.970	823	136.729
Ásgeirsstaðir, Eiðapinghá	48.132	78.836	92.800	153.138	12.978	5.635	391.519
Ásgrímsstaðir, Hjaltastaðapinghá	1.072	16.964	23.520	60.682	0	0	102.238
Bessastaðir, Fljótisdal	5.021	4.588	2.400	53.505	116	160	65.790
Birkihlíð, Skriðdal	4.784	200	2.240	27.724	0	2.375	37.323
Birnufell, Fellum	15.447	49.206	32.172	330.828	0	3.944	431.597
Blöndubakki, Tungu	0	0	0	1.505	0	0	1.505

	Birki	Fura	Greni	Lerki	Ösp	Annað	Samtals
Blöndugerði, Tungu	0	0	500	1.541	0	0	2.041
Borg, Skriðdal	16.617	25.682	21.896	67.384	3.216	6.341	141.136
Bót, Tungu	192	938	1.041	4.355	48	686	7.260
Bragðavellir I, Hamarsfirði	12.063	11.256	9.620	10.739	3.371	8.865	55.914
Brekkuborg, Breiðdal	12.018	10.853	19.707	35.992	9.981	18.416	106.967
Brekkugerði, Fljótsdal	14.923	32.639	92.856	130.059	23.244	2.926	296.647
Brekkugerðishús, Fljótsdal	5.196	31.835	42.048	154.418	7.224	1.290	242.011
Brekkusel, Tungu	12.096	88.727	139.046	94.709	12.380	5.120	352.078
Breiðavað, Eiðapinghá	3.135	15.091	120	64.235	240	2.844	85.665
Brekka, Fljótsdal	402	2.302	0	804	0	0	3.508
Brekka, Tungu	1.659	14.092	14.424	76.604	2.192	48	109.019
Brúarland, Fellum	0	7.509	361	15.137	6	284	23.297
Dagverðargerði, Tungu	44.371	12.677	31.744	55.017	240	3.024	147.073
Dratthalastaðir, Hjaltastaðapinghá	0	9.155	3.904	16.694	0	40	29.793
Droplaugastaðir, Fljótsdal	14.072	21.831	41.130	291.323	6.640	2.001	376.997
Egilsstaðir, Egilsstöðum	96	0	0	0	714	2.941	3.751
Ekkjufell, Fellum	13.920	33.479	16.782	83.222	6.448	6.534	160.385
Ekra, Hjaltastaðapinghá	1.720	560	880	2.250	1.200	140	6.750
Eyjar, Breiðdal	1.160	320	4.200	0	3.180	3.383	12.243
Eyjófsstaðir, Völlum	26.833	43.230	66.360	152.837	22.680	20.830	332.770
Eyjófsstaðir, Berufirði	7.085	5.324	10.442	23.019	3.256	25.353	74.479
Eyrarland, Fljótsdal	5.056	2.893	5.144	70.658	0	12	83.763
Eyrarteigur, Skriðdal	61.697	79.807	67.334	236.705	20.905	39.085	505.533
Eyvindará, Eiðapinghá	8.170	62.955	8.604	182.370	3.504	1.682	267.285
Fagrahlíð, Hlíð	4.457	1.393	40	1.661	48	5.030	12.629
Fagrihvammur, Berufirði	6.680	0	120	0	144	10.088	17.032
Fell, Bakkafirði	3.272	3.470	16.220	200	4.082	5.621	32.865
Finnsstaðir I, Eiðapinghá	0	0	0	950	0	0	950
Finnsstaðir II, Eiðapinghá	4.280	3.172	1.000	24.913	0	0	33.365
Fjallssel, Fellum	21.567	3.396	0	46.815	0	0	71.778
Flaga, Skriðdal	13.133	30.637	40.320	105.347	20.118	9.323	218.878
Fljótsbakk I, Eiðapinghá	2.211	2.192	2.600	36.067	0	0	43.070
Fljótsbakk II, Eiðapinghá	0	134	160	3.015	0	0	3.309
Flúðir, Tungu	1.675	9.529	18.425	66.285	936	949	97.799
Fossvellir, Hlíð	0	0	0	1.273	0	0	1.273
Fremri-Nýpur, Vopnafirði	19.668	7.809	46.904	32.851	16.990	5.601	129.823
Galtastaðir, Tungu	67	67	0	1.072	0	0	1.206
Geirastaðir, Tungu	0	240	80	737	0	0	1.057
Geirófsstaðir, Skriðdal	3.819	9.768	4.440	15.555	72	0	33.654
Geitagerði, Fljótsdal	7.008	5.508	1.479	19.586	218	1.748	35.547
Geitdalur, Skriðdal	134	0	0	0	0	0	134
Geithellar II, Álftafirði	40	0	10.640	0	5.158	1.995	17.833
Gil, Jökuldal	0	0	0	1.005	0	0	1.005
Gilsárteigur, Eiðapinghá	134	580	520	3.999	70	48	5.351
Gíslastaðagerði, Völlum	201	134	0	201	0	0	536
Gíslastaðir, Völlum	6.077	27.399	30.461	121.136	5.052	1.704	191.829
Glúmsstaðir I, Fljótsdal	1.340	3.915	4.440	31.725	3.336	430	45.186
Grófargerði, Völlum	0	1.989	1.200	4.408	0	0	7.597
Grund, Jökuldal	72.907	14.152	21.866	56.453	32.568	4.552	202.498
Gunnlaugsstaðir, Völlum	6.976	28.077	23.920	150.106	480	2.795	212.354

	Birki	Fura	Greni	Lerki	Ösp	Annað	Samtals
Hafrafell, Fellum	10.275	16.587	2.400	60.914	20	689	90.885
Hagi, Vopnafirði	5.140	0	1.000	16.683	0	2.000	24.823
Hallbjarnarstaðir, Skriðdal	990	134	0	9.486	0	0	10.610
Hallfreðastaðir I, Tungu	7.865	3.685	7.760	21.708	1.560	0	42.578
Hallfreðarstaðir II, Tungu	9.939	8.861	22.383	32.870	7.344	552	81.949
Hallgeirsstaðir, Hlíð	1.070	2.611	11.560	21.764	4.128	840	41.973
Hamragerði, Eiðapinghá	3.473	6.070	4.844	12.882	1.545	776	29.590
Haugar, Skriðdal	0	0	0	268	0	0	268
Hauksstaðir, Vopnafirði	2.208	0	800	8.365	144	245	11.762
Hákonarstaðir, Jökuldal	0	0	0	871	0	0	871
Helgafell, Fellum	6.428	2.026	11.332	24.384	7.884	2.144	54.198
Helluland, Bakkafirði	3.220	11.315	22.810	27.645	5.906	8.015	78.911
Heykollsstaðir, Tungu	9.434	18.738	71.098	146.460	4.272	1.270	251.272
Hjaltalundur, Hjaltastaðapinghá	1.005	0	0	0	0	0	1.005
Hjarðarhagi, Jökuldal	7.984	3.645	840	6.700	2.160	5.633	26.962
Hjartarstaðir I, Eiðapinghá	14.302	41.125	47.468	71.890	4.860	2.976	182.621
Hlíð, Fljótsdalshéraði????	0	0	0	1.005	0	0	1.005
Hlíðarendi I, Breiðdal	4.370	29.492	22.145	40.734	1.974	6.452	105.167
Hlíðargarður/Bláeyri, Hlíð	179.460	31.533	107.256	85.487	29.151	94.849	527.736
Hnitbjörg, Hlíð	115.036	18.160	52.026	23.999	19.263	57.352	285.836
Hof, Fellum	737	4.489	2.440	55.533	6.264	0	69.463
Hofteigur, Jökuldal	0	0	800	4.087	0	0	4.887
Holt, Fellum	4.154	56.121	29.720	184.815	5.215	1.794	281.819
Hólaland, Borgarfirði eystri	2.217	670	920	1.005	124	0	4.936
Hóll, Fljótsdal	1.988	15.438	12.080	16.351	5.280	0	51.137
Hrafnbjörg, Hjaltastaðapinghá	588	0	0	2.278	0	0	2.866
Hrafnbjörg, Hlíð	0	0	80	0	0	0	80
Hrafnkelsstaðir, Fljótsdal	0	0	11.400	37.975	792	0	50.167
Hrafnsgerði, Fellum	1.240	25.179	15.120	63.849	7.656	761	113.805
Hreimsstaðir, Hjaltastaðapinghá	23.485	12.979	33.340	33.712	8.814	9.827	122.157
Hróaldsstaðir, Vopnafirði	200	536	0	364	663	6.061	7.824
Hrólfstaðir, Jökuldal	30.078	11.456	70.892	47.872	14.454	11.698	186.450
Hryggstekkur, Skriðdal	11.800	46.933	21.280	157.754	3.776	720	242.263
Hræreklækur, Tungu	18.120	6.354	30.075	7.245	1.248	3.029	66.071
Hvammur, Fáskrúðsfirði	40	0	59	106	613	995	1.813
Hvammur, Völlum	20.393	60.220	10.200	106.484	0	3.610	200.907
Hvannabrekka, Berufirði	3.840	5.025	20.440	14.453	1.368	3.040	48.166
Hvanná, Jökuldal	0	0	440	3.015	0	0	3.455
Hvanná II, Jökuldal	0	0	560	3.015	0	0	3.575
Höskuldsstaðir, Breiðdal	0	3.600	2.880	2.185	0	0	8.665
Innri-Kleif, Breiðdal	0	1.520	1.520	77	80	17	3.214
Jökuldalur	0	0	0	2.211	0	0	2.211
Kaldá, Völlum	0	3.953	9.960	28.691	3.535	16.139	62.278
Karlsstaðir, Berufirði	1.000	0	8.816	0	0	2.040	11.856
Ketilsstaðir, Völlum	160	0	320	160	0	0	640
Kirkjubær, Tungu	201	0	1.800	1.005	0	0	3.006
Klaustursel, Jökuldal	0	0	40	469	0	0	509
Kleppjárnsstaðir, Tungu	0	0	0	5.885	0	0	5.885
Klúka, Fljótsdal	0	8.710	8.120	42.913	4.301	0	64.044
Kóreksstaðir, Hjaltastaðapinghá	0	0	0	1.005	0	0	1.005

	Birki	Fura	Greni	Lerki	Ösp	Annað	Samtals
Kross, Fellum	1.830	7.069	2.440	20.683	1.386	2.538	35.946
Langahlíð, Völlum	12.712	29.987	10.540	52.381	6.926	340	112.886
Langhús, Fljótsdal	1.680	0	9.920	22.520	0	1.000	35.120
Laufás, Hjaltastaðapinghá	335	335	320	1.005	0	0	1.995
Lindarhóll, Tungu	3.440	0	4.040	5.074	0	1.390	13.944
Litla-Sandfell, Skriðdal	0	1.102	0	3.320	0	0	4.422
Litla-Steinsvað I, Tungu	6.035	27.693	31.656	60.720	0	2.416	128.520
Litla-Steinsvað II, Tungu	11.652	56.910	123.395	159.290	1.042	4.256	356.545
Litli-Bakki, Tungu	134	134	470	1.139	0	0	1.877
Ljósaland, Vopnafirði	0	0	0	0	0	1.671	1.671
Lynghóll, Skriðdal	804	23.970	4.000	54.924	0	192	83.890
Meðalnes, Fellum	28.272	53.289	119.457	318.460	27.320	5.723	552.521
Melar, Fljótsdal	960	27.058	16.960	137.476	4.936	3.105	190.495
Merki, Jökuldal	0	0	0	670	0	0	670
Miðhús, Egilsstöðum	17.353	4.143	2.704	39.918	80	1.179	65.377
Miðhúsasel, Fellum	42.192	33.429	83.624	353.545	55.858	6.312	574.960
Mjóanes, Völlum	400	14.127	17.025	84.921	0	462	110.235
Múli I, Álftafirði	0	0	0	120	120	325	565
Múli III, Álftafirði	28.039	4.261	34.153	14.002	12.964	39.257	132.676
Mælivellir, Jökuldal	9.155	947	3.120	70.504	114	672	84.512
Mýnes I, Eiðapinghá	0	13.131	0	51.591	0	0	64.722
Mýnes II, Eiðapinghá	0	40.160	10.490	119.510	4	21	170.185
Mýrar, Skriðdal	34.492	28.231	22.039	107.446	12.384	8.962	213.554
N-Skálategur, Norðfirði	0	0	0	0	96	408	504
Njarðvík, Borgafirði	776	5.463	23.458	1.198	2.280	4.000	37.175
Ormsstaðir, Eiðapinghá	200	670	1.840	3.685	120	1.592	8.107
Ormarsstaðir II, Fellum	74.185	37.043	15.200	166.658	7.008	648	300.742
Óseyri, Stöðvarfirði	102.369	39.001	52.152	8.794	2.102	28.521	232.939
Óstaðsettar tilraunir o.fl	11.427	9.381	347	2.318	1.890	696	26.059
Rangá I, Tungu	0	0	0	0	55	54	109
Rauðholt, Hjaltastaðapinghá	600	4.310	14.604	19.900	1.314	2.941	43.669
Rauðhólar, Vopnafirði	0	0	0	0	264	596	860
Refshöfði, Jökuldal	0	0	0	670	0	80	750
Refsmýri, Fellum	1.005	12.085	15.560	45.856	6.824	1.048	82.378
Sauðhagi II, Völlum	4.448	49.028	49.086	88.682	5.716	7.987	204.947
Selland, Hlíð	2.776	1.076	6.215	15.247	0	210	25.524
Setberg, Fellum	4.789	19.629	36.772	147.778	3.408	1.651	214.027
Síreksstaðir, Vopnafirði	0	0	0	0	0	300	300
Skálanes, Seyðisfirði	66.263	0	3.535	0	0	21.404	91.202
Skáli, Berufirði	10.112	2.546	7.627	3.618	1.172	2.979	28.054
Skeggjastaðir I, Fellum	0	2.276	5.325	68.944	1.605	1.034	79.184
Skeggjastaðir II, Fellum	12.828	6.288	14.920	92.556	9.608	5.536	141.736
Skipalækur, Fellum	7.198	0	0	1.977	0	0	9.175
Skorrastaður I, Norðfirði	600	1.954	3.284	1.406	311	1.949	9.504
Skorrastaður II, Norðfirði	0	1.000	1.000	7.662	145	14.166	23.973
Skógargerði, Fellum	23.745	135.279	35.414	450.788	20.915	2.833	668.974
Skóghlíð, Tungu	402	134	0	1.139	0	0	1.675
Skriða, Breiðdal	5.484	2.844	17.549	15.043	4.344	8.461	53.725
Sleðbrjótur, Hlíð	30.236	2.160	57.240	61.899	480	8.008	160.023
Snjóholt, Eiðapinghá	52.753	140.167	141.773	242.134	6.222	14.951	598.000

	Birki	Fura	Greni	Lerki	Ösp	Annað	Samtals
Sólbrekka, Fellum	67	10.251	3.601	18.986	1.752	96	34.753
Staffell, Fellum	11.658	17.991	23.581	70.988	2.318	3.255	129.791
Stangarás, Völlum	8.103	25.763	20.818	89.825	19.096	835	164.440
Starmýri II, Álftafirði	2.755	3.484	5.214	2.311	1.594	570	15.928
Steinholt, Egilsstöðum	0	0	0	536	0	0	536
Stóra-Sandfell I, Skriðdal	125.422	137.580	543.720	779.108	50.700	16.634	1.653.164
Stóra-Sandfell II, Skriðdal	1.876	17.822	883	2.345	16	1.303	24.245
Stóra-Steinsvað, Hjaltastaðabíngahá	536	335	0	268	0	0	1.139
Strandhöfn, Vopnafirði	6.856	720	8.920	12.468	1.608	2.338	32.910
Straumur, Tungu	0	0	480	1.541	0	0	2.021
Strönd, Völlum	4.756	47.699	14.390	232.885	0	1.070	300.800
Sturluflöt, Fljótsdal	21.697	17.129	54.720	129.030	1.332	6.594	230.502
Stöð, Stöðvarfirði	26.809	9.490	9.460	1.468	385	10.873	58.485
Suðurland	0	0	175.651	0	0	0	175.651
Sörlastaðir, Seyðisfirði	29.241	79.064	61.115	40.494	15.123	37.127	262.164
Teigaból, Fellum	3.360	0	8.600	23.509	0	0	35.469
Teigarhorn, Berufirði	150.322	21.838	72.000	45.949	59.928	84.958	434.995
Teigasel, Jökuldal	0	0	0	737	0	0	737
Tökastaðir, Eiðabíngahá	4.283	14.388	18.593	75.711	4.404	5.215	122.594
Tunghagi, Völlum	80	198	0	8.244	0	0	8.522
Tungufell, Breiðdal	0	1.450	800	868	144	0	3.262
Uppsáir, Eiðabíngahá	4.020	36.811	13.138	171.941	5.240	203	231.353
Urriðavatn, Fellum	4.025	15.474	4.520	23.788	8	17	47.832
Úlfsstaðir, Völlum	1.009	5.896	1.480	10.900	2.680	1.110	23.075
Útnyrðingsstaðir, Völlum	0	0	0	5.016	0	0	5.016
Ústekkur I, Eskifirði	4.968	3.612	3.792	1.200	768	2.432	16.772
Vað, Skriðdal	12.634	33.655	2.080	184.320	1.076	1.796	235.561
Vallanes, Völlum	73.942	145.996	112.236	257.417	73.177	11.901	674.669
Vallholt, Fljótsdal	0	11.825	18.576	110.295	0	460	141.156
Valþjófsstaðir I, Fljótsdal	1.628	1.287	6.873	78.548	4.303	15.974	108.613
Valþjófsstaðir II, Fljótsdal	1.005	4.260	1.080	61.849	48	505	68.747
Vatnsdalsgerði, Vopnafirði	1.664	0	402	0	0	350	2.416
Víðastaðir, Hjaltastaðabíngahá	32.257	64.086	177.054	90.402	74.639	17.147	455.585
Víðilækur, Skriðdal	29.630	109.684	122.968	318.032	20.570	6.606	607.490
Víðivallagerði, Fljótsdal	17.442	89.504	48.399	551.192	13.611	4.833	724.981
Víðivellir fremri, Fljótsdal	6.473	47.195	6.655	175.362	1.080	2.487	239.252
Víðivellir ytri I, Fljótsdal	13.850	24.523	36.520	152.687	4.824	0	232.404
Víðivellir ytri II, Fljótsdal	9.947	34.279	27.422	200.597	6.147	2.338	280.730
Vífilsnes, Tungu	9.015	2.546	17.400	23.101	0	0	52.062
Vífilsstaðir, Tungu	9.279	35.511	38.576	125.900	0	2.466	211.732
Vík, Fáskrúðsfirði	145.504	26.165	69.885	16.840	17.000	36.117	311.511
Ytri-Nýpur, Vopnafirði	1.877	8.474	11.246	14.299	2.038	4.982	42.916
Þiljuvellir, Berufirði	10.400	13.437	23.220	38.169	6.400	21.022	112.648
Þingmúli, Skriðdal	1.083	2.192	2.920	11.602	96	2.824	20.717
Þorbrandsstaðir, Vopnafirði	2.520	5.556	19.832	29.372	0	3.605	60.885
Þorgerðarstaðir, Fljótsdal	25.031	30.122	19.400	390.792	816	96	466.257
Þrándarstaðir, Eiðabíngahá	6.759	15.998	5.998	97.754	1.160	100	127.769
Þuriðarstaðir, Fljótsdal	4.664	2.049	16.400	33.776	4.584	70	61.543
	2.565.053	3.474.439	4.660.422	13.139.692	1.009.321	1.007.726	25.856.653

Lykiltölur

	Ýmsar lykiltölur		2006	2007	2008	2009	2010
1	Fjöldi samningsbundinna skógræktarjarða		140	148	151	153	155
2	Flatarmál í hekturum		15.027	16.169	16.495	16.761	17.777
3	Fjöldi jarða þar sem er gróðursett		73	66	63	67	69
4	Fjöldi jarða með framkvæmdir		98	94	96	96	86
5	Lengd ræktaðra skjólbelta í km		10	11.7	18.1	3.6	3.0
6	Heildarfjöldi gróðursettra plantna		1.408.830	1.478.211	1.480.927	1.389.740	982.396
	Grisjaðir/bilaðir hektarar		27.2	14.2	47.3	17.4	10.9
8	Ársverk		5.4	5.7	4.9	4.7	4.3
	Lykiltölur úr ársreikningi	2006		2007		2008	
10	Heildarfjárveiting + sértekjur	153.254.790		155.504.196		161.145.300	
11	Heildargjöld	135.604.995		173.137.694		174.991.190	
12	Laun og launatengd gjöld	28.900.226	21,3%	35.529.776	20,5%	31.263.229	17,9%
13	Starfstengdur kostnaður	6.949.641	5,1%	5.211.402	3,0%	5.430.500	3,1%
14	Aðkeypt þjónusta og húsn.kostn.	8.575.232	6,3%	12.230.944	7,1%	13.380.174	7,6%
15	Framlög til skógarbænda	81.215.287	59,9%	102.897.560	59,4%	122.949.698	70,3%
16	Annar rekstarkostnaður	6.613.075	4,9%	12.751.084	7,4%	1.907.205	1,1%
17	Eignakaup	3.351.534	2,5%	4.516.928	2,6%	60.384	0,0%
18	Ýmsar sértekjur	6.254.790		4.304.196		5.345.300	
19	Hagnaður/Tap	17.649.795		-17.633.498		-13.845.890	

Skýringar

- Fjöldi jarða með þinglýsta skógræktarsamninga í lok hvers árs (ástæða fækkunar á milli ára er að við endurnýjun útrunninna samninga sáu sér ekki allir hag í að endurnýja)
- Heildarflatarmál skógræktarsvæða með þinglýsta samninga í lok hvers árs
- Fjöldi jarða þar sem er gróðursett ár hvert
- Heildarfjöldi jarða með framkvæmdir
- Lengd nýrra skjólbelta ár hvert
- Heildarfjöldi allra gróðursettra plantna í skógrækt og skjólbeltarækt ár hvert
- Grisjaðir og bilaðir (grisjun í ungskógi) hektarar
- Ársverk starfsmanna Héraðs- og Austurlandsskóga, fastráðinna og sumarstarfsmanna
- Heildarfjárveiting ásamt sértekjum Héraðs- og Austurlandsskóga
- Heildargjöld
- Heildarlaun starfsmanna og stjórnar Héraðs- og Austurlandsskóga
- Aksturskostnaður, dagpeningar, ferðakostnaður, fundir, risna
- Sími, tölvuþj., prentun, bókhald, húsn.kostn.
- Framlög til bænda, plöntur, áburður, ofl.
- Ýmis annar kostnaður
- Jarðvinnslutæki, gróðursetningaáhöld, tölvubúnaður ofl.
- Ýmsar sértekjur og hlutfall þeirra af heildartekjum
- Afgangur - tap



2011						
	132					
	15.207					
	53					
	83					
	10.8					
	881.018					
	57.2					
	4.2					
2009		2010			2011	
	151.673.225		129.356.320		120.386.732	
	150.071.960		130.601.624		130.111.796	
	29.570.352	19,7%	28.740.472	22,0%	29.230.062	22,5%
	4.017.930	2,7%	4.266.132	3,3%	3.296.137	2,5%
	10.108.689	6,7%	10.727.911	8,2%	8.904.897	6,8%
	104.555.687	69,7%	82.773.641	63,4%	86.084.915	66,2%
	1.323.575	0,9%	3.138.528	2,4%	2.411.480	1,9%
	495.727	0,3%	954.940	0,7%	184.305	0,1%
	16.473.225		1.056.320		1.686.732	
	1.601.265		-1.245.304		-9.764.833	

Rekstrarreikningur

	Reikningur 2011	Reikningur 2010	Fjárheimildir 2011
Tekjur			
Sértekjur.....	1.686.732	1.056.320	0
Markaðar tekjur.....	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur.....	0	0	0
Tekjur samtals	1.686.732	1.056.320	0
Gjöld			
Almennur rekstur.....	130.111.796	130.601.624	118.700.000
101 Héraðs- og Austurlandsskóg..	130.111.796	130.601.624	118.700.000
Gjöld samtals	130.111.796	130.601.624	118.700.000
Tekjur umfram gjöld	-128.425.064	-129.545.304	-118.700.000
Framlag úr ríkissjóði	118.700.000	128.300.000	118.700.000
Hagnaður/tap ársins	-9.725.064	-1.245.304	0

Efnahagsreikningur

Eignir	Reikningur 31.12.2011	Reikningur 31.12.2010
Fastafjármunir		
Áhættufjármunir.....	0	0
Langtímaskuldir.....	0	0
Fastafjármunir samtals.....	0	0
Veltufjármunir		
Vörubirgðir.....	0	0
Inneign hjá ríkissjóði.....	0	0
Skammtímalán.....	0	0
Skammtímaskuldir aðrar.....	10.622.369	10.078.944
Handbært fé.....	10.095.995	19.035.691
Veltufjármunir samtals.....	20.718.364	29.114.635
Eignir samtals.....	20.718.364	29.114.635
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Höfuðstóll		
Staða í ársbyrjun.....	25.579.911	26.825.215
Breyting v/lokafjárlaga.....	0	0
Hagnaður/tap ársins.....	-9.725.064	-1.245.304
Höfuðstóll í árslok.....	15.854.847	25.579.911
Annað eigið fé		
Bundið eigið fé.....	0	0
Framlag til eignamyndunar.....	1.882.814	1.882.814
Annað eigið fé samtals.....	1.882.814	1.882.814
Eigið fé í árslok.....	17.737.661	27.462.725
Langtímaskuldir		
Tekin löng lán.....	0	0
Langtímaskuldir samtals.....	0	0
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur á bankareikningum.....	0	0
Skuld við ríkissjóð.....	22.026	406.640
Skammtímalántökur.....	0	0
Aðrar skammtímaskuldir.....	2.958.677	1.245.270
Skammtímaskuldir samtals.....	2.980.703	1.651.910
Skuldir samtals.....	2.980.703	1.651.910
Skuldir og eigið fé samtals.....	20.718.364	29.114.635

Sjóðstreymi

	Reikningur 2011	Reikningur 2010
Hagnaður/tap ársins	-9.725.064	-1.245.304
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda		
Breyting skammtímakrafna og birgða.....	-543.425	2.402.036
Breyting skammtímaskulda.....	1.713.407	1.108.176
Handbært fé frá rekstri	-8.555.082	2.264.908
Fjárfestingahreyfingar		
Veitt lán.....	0	0
Afborganir veittra lána.....	0	0
Endurmat veittra lána.....	0	0
Breyting á áhættufjármunum.....	0	0
Fjárfestingahreyfingar samtals	0	0
Fjármögnunarhreyfingar		
Framlag ríkissjóðs.....	-118.700.000	-128.300.000
Tekjur innheimtar af ríkissjóði.....	0	0
Greitt úr ríkissjóði.....	118.315.386	128.726.153
Markaðar tekjur, skil á innheimtu ríkissjóðs.....	0	0
Tekin lán.....	0	0
Afborganir tekinna lána.....	0	0
Endurmat tekinna lána.....	0	0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	-384.614	426.153
Breyting á handbæru fé	-8.939.696	2.691.061
Handbært fé í ársbyrjun	19.035.691	16.344.630
Handbært fé, hreyfingar	-8.939.696	2.691.061
Handbært fé í árslok	10.095.995	19.035.691



HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR

Miðvangi 2-4 • 700 Egilsstaðir
sími: 471 2184 • fax: 471 2172
skogar@heradsskogar.is
www.heradsskogar.is